

**From:** Sif Gylfadóttir  
**Sent:** Fri, 2 Jun 2023 10:51:04 +0000  
**To:** Haraldur Þór Jónsson  
**Subject:** Vegna Þjórsárskóla

Sæll Haraldur

Ég er í stjórn Björgunarhundasveitar Íslands (BHSÍ), aðili að Landsbjörgu. Við erum að leita að gistingu fyrir féлага okkar (25-30 manns) í Sveitarfélaginu Skeiða og Gnúpverjahreppi vegna námskeiðs fyrir sem við verðum með 22.-25.júni nk. Best væri ef við fengjum að gista í Þjórsárskóla á dýnum sem við komum sjálf með og hefðum aðgang að 2 kennslustofum fyrir fyrirlestra og aðgang að salernum og eldhúsi.

Fyrirkomulagið á námskeiðum okkar er að hundarnir sofa í bílunum okkar og við gistum inni. Erum allan daginn á æfingum úti, á svæðum upp af Þjórsárdal þar sem við æfum og erum með úttektir (próf) á hundateymum.

Síðan er matur og fyrirlestrar á kvöldin.

Það væri okkur mikil þægð að fá skjól fyrir okkur þessar 3 nætur og 4 daga.

Við göngum mjög vel um.

Best væri ef þið gætuð leyft okkur að gista án endurgjalds sem styrkur til BHSÍ þar sem öll okkar vinna við þjálfun og leit og björgun er unnin í sjálfbóðaliðastarfi.

Ég hlakka til að heyra frá þér.

Fyrirfram þakkir,  
Mbk Sif Gylfadóttir  
Stjórn BHSÍ  
GSM 6921808